

— Ágrip af brjefi landshöfðingja til landsbókasafnins um bókagjöf. — Með þessu brjefi var skýrt frá því, að enn ein sending af ýmsum góðum bókum helzt lögfræðislegs efnis hefði komið frá F. A. Krieger hæstarjettardómara sem gjöf handa landsbókasafninu. 135
14. júl.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um uppboð, er hlaupa meira en 200 kr. — Í brjefi frá 30. maí þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, lagt undir úrskurð minn fyrirspurn sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, og látið í ljósi það álit, að með því að það sje beinlínis fyrirskipað í 6. grein laga 12. jan. þ. á. um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk (A 3), að sýslumaður skuli sjálfur halda þau uppboð, sem ætla meg, að hlaupi meira en 200 kr., geti það eigi komið til tals, að landssjóðurinn missi nokkurs í af sólulaununum á slíkum uppboðum, og að sýslumaður verði að fá hreppstjóra eða annan mann til á sinn kostnað og sína ábyrgð að halda slík uppboð, ef hann einhverra orsaka vegna skyldi ekki sjálfur geta haldið þau. 136
20. júl.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg er yður samdóma um það, sem þjer þannig hafið tekið fram.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um reglugjörð fyrir alþýðuskólann og gagnfræðaskólann í Flensborg. — Með brjefi frá 11. þ. m. hafa stiptsyfirvöldin sent mjer skjal dags. 1. f. m., þar er síra Þórarinn prófastur Böðvarsson í Görðum og húsfreyja hans frú Þórunn Jónsdóttir gjöra nýja skipun um gjöf þá, er þau með gjafa-brjefi 10. ágúst 1877 hafa gefið til stofnunar skóla í Flensborg í Hafnarfirði, og beiðast þess, að landshöfðingi semji nýja skipulagsskrá fyrir skólanum, og staðfesti nýja reglugjörð fyrir hann; en eptir ámiunstu skjali á skólinn einkanlega að vera alþýðuskóli og gagnfræðaskóli, þó svo, að börn úr Garðahreppi geti og átt þar kost á kennslu, svo fremi sem hreppur þessi leggur til þess hæfilegan styrk árlega. — Í stofnunarskrá þeirri, sem stiptsyfirvöldin samkvæmt gjafabrjefinu 10. ágúst 1877 sömdu 18. febrúar 1878 og prentuð er í B-deild stjórnartíðindanna 1878 bls. 28—29 er í 2. gr. svo að kveðið, að skólinn skuli einkanlega vera barnaskóli fyrir Garðaprestakall, og því næst, eptir því sem efni og ástæður leyfi, almennur menntunarskóli, er gefi mönnum kost á, að afa sjer þeirrar þekkingar, sem álitast má nauðsynleg hverjum alþýðumanni, er á að geta kallast vel að sjer; og með því að nú má segja, að þessi skilyrði eigi sjer stað, bæði af því, að skólinn eptir virðingargjörð 5. okt. f. á. á 13400 kr. höfuðstól, og af því að með fjárlögunum fyrir árið 1882 og 1883 og þingsályktun fyrri ár er þessum og áþekktum alþýðuskólum hjér á landi gefin von um styrk af landssjóði, — þá veitist með þessu brjefi samþykki til þeirra breytinga á nefndri stofnunarskrá frá 18. febr. 1878, sem ákveðnar eru í skipulagsskjali gefendanna 1. júní þ. á.; — Auk þessa hefi jeg að ósk gefandanna og með tilliti til grundvallarreglna þeirra, er samþykta voru með áðurnefndri þingsályktun, fyrir skipulagi alþýðuskóla þeirra, er styrks megi vænta af landssjóði, samþykkt þessa.

Reglugjörð

fyrir alþýðuskólann og gagnfræðaskólann í Flensborg.

1. gr.

Ætlunarverk skólans er, að veita lærisveinum þeim, er í hann ganga, almenna menntun, glæða sálargáfurnar, auka þekkinguna, og styrkja siðferðislega hæfilegleika

31. dag júlím. 1882.